

Ed.

703. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á þremur fundum. Málið er viðamikíð og augljóst að umfjöllun nefndarinnar um það er ekki tæmandi. Jafnframt er ljóst að frv. er að ýmsu leyti vanbúið og er þar helst að nefna að áform um aukna vald- og verkefnadreifingu á því stjórnunarsviði, sem það tekur til, eru að engu orðin og í reynd óljóst hvernig samstarfi sveitarfélaga og tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verður háttáð. Að auki tekur frv. ekki til tekjustofna sveitarfélaga sem nauðsynlegt er að fjallað sé um samhliða þar sem tekjur sveitarfélaga eru ákvarðandi þáttur í verkefnum þeirra.

Í ljósi þessa og ofangreindra nefndarstarfa mun 1. minni hl. nefndarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.